

Félagsþjónusta Dalvíkurbyggðar óskar eftir sumarstarfsfólki

Starfsfólk með íbúum í sjálfstæðri búsetu

Starfsfólk vantar í sumarafleysingar í 50-100% stöðuhlutfall til að sinna íbúum í sjálfstæðri búsetu/skammtímavistun. Vinnutími er breytilegur og þurfa umsækjendur að hafa náð 18 ára aldri. Unnið er samkvæmt hugmyndafræði um þjónandi leiðsögn og sjálfstætt líf.

Helstu verkefni eru:

- Einstaklingsmiðuð persónuleg þjónusta við íbúa, sem miðar að því að leiðbeina og aðstoða einstaklinga við athafnir daglegs lífs, heimilishald og dagleg störf varðandi húshald eftir því sem þörf krefur.
- Hvatning og stuðningur til sjálfshjálpar og félagslegrar virkni, innan og utan heimilis.
- Þátttaka í sköpun og þróun nýrra tækifæra fyrir íbúa og notendur skammtímavistunar.
- Jákvæð og uppbyggileg samskipti við þjónustunotendur, aðstandendur og samstarfsfólk.
- Leiðbeina og aðstoða við atvinnu.

Starfsfólk í liðveislu

Starfsfólk vantar í sumarafleysingar í 50-100% starf við að leiðbeina fötluðum einstaklingum við vinnu og/eða að starfa í dagvist fyrir börn og unglinga. Vinnutími er frá 8-16. Unnið er samkvæmt hugmyndafræði um þjónandi leiðsögn og sjálfstætt líf.

Helstu verkefni fyrir þjónustu við fatlaða einstaklinga eru:

- Hvatning og stuðningur við dagleg líf
- Fjölbreytt afþreying í dagvist, nýta þau tilboð sem í boði eru í Dalvíkurbyggð s.s. leikjanámskeið, sundnámskeið, berjamór o.s.frv.
- Jákvæð og uppbyggileg samskipti
- Leiðbeina og aðstoða við atvinnu

Hæfniskröfur í ofangreind störf:

- Reynsla af starfi með fötluðu fólki mikill kostur.
- Sveigjanleiki og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, jákvæðni og sjálfstæð vinnubrögð.
- Íslenskukunnátta.
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög og reglur.

Upplýsingar um störfín gefur Þórhalla Franklín Karlsdóttir, ráðgjafaproskajálfri félagsþjónustu Dalvíkurbyggðar, í netfangið: tota@dalvikurbyggd.is eða í síma 460-4912

Heimilisþjónusta

Starfsmann vantar í sumarafleysingar í 70% stöðuhlutfall til að sinna heimilisþjónustu. Vinnutími er á tímabilinu 8-16 virka daga. Umsækjendur þurfa að hafa náð 18 ára aldri og hafa bíl til umráða. Unnið er samkvæmt hugmyndafræði um þjónandi leiðsögn og sjálfstætt líf.

Helstu verkefni heimilisþjónustu eru:

- Einstaklingsmiðuð persónuleg þjónusta við íbúa, sem miðar að því að leiðbeina og aðstoða einstaklinga við athafnir daglegs lífs, heimilishald og dagleg störf varðandi húshald eftir því sem þörf krefur.
- Hvatning og stuðningur til sjálfshjálpar og félagslegrar virkni, innan og utan heimilis.
- Heimilisþrif.
- Jákvæð og uppbyggileg samskipti við þjónustunotendur, aðstandendur og samstarfsfólk.

Hæfniskröfur:

- Áhugi og færni að starfa með fólki.
- Ábyrgðarkennd, hlýlegt viðmót, sveigjanleiki, samvirkusemi, umhyggja og góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Íslenskukunnátta.
- Frumkvæði, jákvæðni í starfi sem og sjálfstæð vinnubrögð.
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög og reglur.

Ofangreindar hæfniskröfur eru ekki í áhersluröð. Auk þeirra hæfniskrafna sem tilgreindar eru er leitað að lausnamiðuðum, metnaðarfullum einstaklingum sem bera hag þjónustunotenda fyrir brjósti.

Upplýsingar gefur Arnheiður Hallgrímsdóttir, umsjónarmaður heimilisþjónustu hjá félagsþjónustu Dalvíkurbyggðar, í netfangið: heida@dalvikurbyggd.is eða í síma 460-4914

Við ráðningu í störf félagsþjónustu eru jafnréttissjónarmið jafngild öðrum málefnalegum sjónarmiðum. Vakin er athygli á að þörf er á fleiri körlum til starfa á verkswiðinu. Greitt er samkv. kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og Kjalar.

Með umsókn skal skila ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjenda.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á Mín Dalvíkurbyggð, <http://min.dalvikurbyggd.is/login.aspx>